

## 15. gr.

Sölugjald 20% og verðjöfnunargjald 13%, samkvæmt lögum, er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

## 16. gr.

Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, samkv. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 5 10. janúar 1939 til að taka gildi 1. janúar 1977. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 246 28. júní 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1976.*

F. h. r.  
Árni Snævarr.

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir sundstaðina í Reykjavík.

|  |     |          |
|--|-----|----------|
| Einstakir miðar, fullorðnir            | kr. | 100.00   |
| Einstakir miðar, börn                  | —   | 40.00    |
| 10 miða kort, fullorðnir               | —   | 700.00   |
| 10 miða kort, börn                     | —   | 230.00   |
| Gufuböð                                | —   | 200.00   |
| Leiga á handkl. og skýlum              | —   | 80.00    |
| Sundnámskeið, fullorðnir 20 st.        | —   | 3 000.00 |
| Sundnámskeið, börn 20 st.              | —   | 1 800.00 |
| Íþróttafélög: 16 ára og eldri 10 miðar | —   | 300.00   |
| Íþróttafélög: yngri en 16 ára 10 miðar | —   | 180.00   |

Börn innan 5 ára í fylgd fullorðinna ókeypis.

Aldraðir fá alla þjónustu á ½ verði.

Öryrkjar skv. ráði trúnaðarlækna ókeypis.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 7. maí 1928 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Með gjaldskrá þessari er felld úr gildi gjaldskrá nr. 223 31. maí 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1976.*

F. h. r.  
Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*